

## **18. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 26. febrúar 2015 og hófst kl 17:00**

**Mætt eru:** Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Aneta Potrykus, Hulda Kristín Baldursdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

L-listin óskar eftir að bæta inn dagskrárlið varðandi fyrirspurn um kostnað vegna nýbyggingar leikskóla og bókanir sveitarstjórnar varðandi kostnað vegna nýbyggingar leikskóla.

Oddviti lagði til, þar sem erindi barst of seint að því verði frestað til næsta fundar. Borið undir fundinn. 5 samþykktu tillöguna. Þorsteinn og Hulda voru á mótí.

### **Dagskrá:**

**1. Fundargerð 263. fundar stjórnar Eyþings dags 4. febrúar 2015**

Lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð sameiginlegs fundar stjórnar Eyþings og SSA með þingmönnum Norðausturkjördæmis dags. 11. febrúar 2015**

Lögð fram til kynningar.

**3. Fundargerð 169. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra dags. 14. janúar 2015**

Lögð fram til kynningar.

**4. Fundargerð 170. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra dags. 4. febrúar 2015**

Lögð fram til kynningar.

**5. Fundargerð 825. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 16. febrúar 2015**

Lögð fram til kynningar.

**6. Fundargerð 372. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands dags 13. febrúar 2015**

Lögð fram til kynningar.

**7. Fundargerð 17.fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags 11. febrúar 2015**

Lögð fram til kynningar.

**8. Erindi frá Ólafi Steinarssyni, fyrrverandi sveitarstjóra Langanesbyggðar dags. 14. febrúar 2015**

Lagt fram til kynningar.

**9. Erindi frá stjórn Gafls, félags um þingeyskan byggingararf dags 12. febrúar 2015**

Lagt fram til kynningar.

Lagt til að erindið verði sent á Atvinnu- menningar og ferðamálanefnd. Samþykkt samhljóða.

**10. Erindi frá Styrktarsjóði Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands dags. 12. febrúar 2015**

Lagt fram til kynningar.

Oddviti leggur til að þetta verði sent á Atvinnu- menningar og ferðamálanefnd og beint á starfsmann Langanesbyggðar hjá Þekkingarnetinu til skoðunar. Samþykkt samhljóða.

**11. Skólaakstur**

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður fundarins. Samþykkt samhljóða.

**12. Skýrsla sveitarstjóra**

**Fjallskilastjóri.** Sveitarstjóri hefur átt í viðræðum við Sigurð Þór Guðmundsson varðandi stöðu fjallskilastjóra. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að ganga til samninga við hann út frá þeim forsendum sem hann kynnti. Samþykkt samhljóða.

**Erindi frá nemendum í 3. og 4 bekk Grunnskólans á Þórshöfn.** Sveitarstjóri hefur sett sig í samband við kennara barnanna og látið hana vita af afgreiðslu. Unnið er að svari.

**Undanfarabíll-uppgjör.** Sveitarstjóri lagði fram minnisblað með uppgjöri á kaupum á undanfarabíl slökkviliðsins og fór yfir það.

**Hugmynd að umsókn um styrk úr orkusjóði.** Sveitarstjóri lagið fram minnisblað varðandi umsókn um styrk úr orkusjóði og kynnti málið. Lagt til að leggja allt að 250 þúsund krónur í verkefnið. Samþykkt samhljóða.

**Bakkavegur 23.** Verið er að setja verkið af stað. Áætlaður kostnaður er 1,3 milljón. Verkið verður unnið á vegum áhaldahússins.

**13. Trúnaðarfundur**

Fundi lokað og fundargerð færð í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 19:42